

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Hvanneyri, 4. nóvember 2025
202509-0176/S.Þ.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga – Nýtt deiliskipulag 1358/2025 - Stækkun grunnskóla Þorlákshafnar - Sveitarfélagið Ölfus.

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 30. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi, stækkun grunnskóla Þorlákshafnar. Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagstillögunnar Egilsbraut 35, Hafnarberg 41 og 43, er stækkun skólamannvirkja á skipulagssvæðinu. Til stendur að tengja núverandi mannvirki með nýjum tengibyggingum, auka gæði, stuðla að heildstæðu yfirbragði byggðarinnar og skapa lifandi og fallegt samfélags- og íþróttasvæði.

Hafnarnes við Þorlákshöfn

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið, sem tillagan nær til, er á náttúruminjaskrá og nefnist Hafnarnes við Þorlákshöfn og er númer 757 sem aðrar náttúruminjar og er svæðið skilgreint sem útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að ofangreint komi fram í skipulagslýsingunni og mat lagt á hvort tillagan hafi áhrif á verndargildi náttúruminja svæðisins.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
verkefnastjóri
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur

